

Apríl 1968

9

Fréttabréf

Kjararannsóknarnefndar

Kjararannsóknarnefnd
Skrifstofur : Skólavörðustíg 12
Símar 21775 - 21776

Fréttabréf

9

Kjararannsóknarnefnd er þannig
skipuð í apríl 1968.

Björn Jónsson (formaður)
Björgvin Sigurðsson
Helgi Bergs
Hjalti Kristgeirsson
Sigurvin Einarsson
Þorvarður Alfonsson

Efnisyfirlit :

1. Þróun tímakaups og vinnutíma í Reykjavík á 3. ársfjórðungi 1967. Birtar eru niðurstöður úr launaskýrslum fyrir 3. ársfjórðung 1967 og vísitölur um kaupmátt tímakaups og meðaltímakaups.
2. Tölur um tímakaup og vinnutíma
 - Tafla 1 Verkamenn. Tímakaup
 - Tafla 2 Verkamenn. Skipting vinnutíma.
 - Tafla 3 Iðnaðarmenn. Tímakaup.
 - Tafla 4 Iðnaðarmenn. Skipting vinnutíma.
 - Tafla 5 Verkakonur. Tímakaup.
 - Tafla 6 Verkakonur. Skipting vinnutíma.
 - Tafla 7 Flugáhafnir. Meðaltímakaup.
3. Fiskafli og útflutningur 1961 - 1967
 - Tafla 1 Fiskafliinn í þús. tonna 1961 - 1967.
 - Tafla 2 Útflutningsmagnið í tonnum 1961 - 1967.
 - Tafla 3 Útflutningsverðmætið í millj. kr. 1961 - 1967.
 - Tafla 4 Einingarverð helztu útflutningsvara, kr. pr. kg. 1961 - 1967 (á gengi 1961).
4. Birtar eru tölur um atvinnuleysissskráningu hjá Ráðningarskrifstofu Reykjavíkur frá 1929 til aprílmánaðar 1968 og um ráðningar á vegum þeirrar stofnunar.

Tímakaup og vinnutími í Reykjavík
á 3. ársfjórðungi 1967.

1. Verkamenn

Upplýsingar um tímakaup og vinnutíma verkafólks í Reykjavík fara hér á eftir (töflur 1 - 7). Upplýsingar þessar ná til um 1418 þús. vinnustunda (1465 þús. á 2. ársfj. og 1441 þús. á 1. ársfj.) og fyrir þær voru greiddar um 107,4 millj. kr. Samkvæmt þeim upplýsingum um vegið tímakaup í dagvinnu og meðaltímakaup verkamanna í Reykjavík á 3. ársfjórðungi 1966, sem fyrir liggja í Fréttabréfi 6 (tafla 3), má nú setja upp eftirfarandi yfirlit, sem sýnir þær breytingar, sem orðið hafa milli þessara ársfjórðunga.

Yfirlitstafla yfir tímakaupsgreiðslur
á 3. ársfjórðungi 1966 og 1967.

	<u>Tímak. í dagv.</u>		Hækkun %	<u>Meðaltímakaup</u>		Hækkun %
	1966 <u>kr.</u>	1967 <u>kr.</u>		1966 <u>kr.</u>	1967 <u>kr.</u>	
Alm. verkam. v.	56.04	59.10	5.5	65.65	68.09	3.7
Aðstoð v. fagv.	65.64	69.38	5.7	74.33	78.02	5.0
Vélstjórn	62.20	65.32	5.0	76.44	79.63	4.2
Samanvegið	59.50	62.71	5.4	70.08	72.96	4.1

Þetta yfirlit sýnir, að samanvegið tímakaup í dagvinnu þeirra þriggja hópa verkamanna, sem athugunin nær til, er 5,4 % hærra á 3. ársfjórðungi 1967 en var á 3. ársfjórðungi 1966, og að samanvegið meðaltímakaup sömu hópa er 4,1 % hærra á 3. ársfjórðungi 1967 en á 3. ársfj. 1966.

Tímakaupið í dagvinnu hefur því hækkað um 1,3 % umfram meðaltímakaupið, sem stafar af minni yfirvinnu. Til samanburðar skal á

það bent, að á 2. ársfj. 1967 hækkaði tímakaupið í dagvinnu um 4,2 % umfram meðaltímakaupið. Það virðist því ljóst á samanburði þessara talna, að samdráttur sá í yfirvinnu, sem fram kom á 2. ársfjórðungi, hefur ekki haldið áfram með fullum styrkleika á 3. ársfj. heldur virðist sem atvinna hafi aukizt aftur, enda þótt hún komist ekki aftur á sama stig og árið 1966.

Kjarasamningar voru gerðir 26. júní 1966, kauphækkarnir vegna þeirra áttu því að koma að fullu fram á 3. ársfjórðungi 1966. Breytingarnar í dagvinnu milli 3. ársfj. 1966 og 3. ársfj. 1967 hefðu því ekki átt að verða aðrar en þær, sem urðu á kaupgjalds-vísitölunni á þessu tímabili eða 1,1 %. En samkvæmt framansögðu hækkaði tímakaup í dagvinnu um 5,4 %. Mismunurinn 4,3 % þarf því skýringa við. Ef samanvegið tímakaup í dagvinnu á 4. ársfj. 1966 er borið saman við 3. ársfj. 1967, þá er það kr. 62,82 á 4. ársfj. '66, en kr. 62,71 á 3. ársfj. 1967 eða nánast óbreytt eins og búast mátti við.

Samkvæmt þessu virðist sú hækkun á tímakaupi í dagvinnu, sem koma átti fram á 3. ársfj. 1966, samkvæmt samningum, ekki hafa komið fram fyrr en á 4. ársfj. 1966. Enda mun svo oft vera, þar sem um yfirborgaða kauptaxta er að ræða, að tíðar samningsbundnar kaupbreytingar, sem eru aðeins hluti af yfirborguninni eru ekki látnar koma til framkvæmda jafn óðum, heldur dregnar saman í færri og stærri slumpa. Þó getur það ekki skýrt að öllu þau 4,3 %, sem hér er um að ræða. Athuga ber, að allan 3. ársfj. koma skólapiltar 18 ára og eldri inn á vinnumarkaðinn. Þeir eru á lægra kaupni en fastamenn fyrirtækjanna, og lækka því eðlilega samanvegið meðaltal tímakaups í dagvinnu á þessu tímabili. En ástæða er til að ætla, að á árinu 1967 hafi einmitt þetta vinnuafli átt mun ógreiðari aðgang að vinnumarkaðinum en fyrri ár. Sú lækkun á tímakaupi, sem þetta vinnuafli orsakar á 3. ársfj., getur því hafa minnkað.

Fleiri atriði mátti telja, sem skýrt gætu þennan mun, t. d. tók eitt fyrirtæki í hafnarvinnu upp bónusgreiðslur við ákveðin störf eftir 3. ársfj. 1966, sem hækkuðu tímakaupið mikið, og vitað er, að breyting á vinnufyrirkomulagi og bónusgreiðslum hjá mörgum fyrirtækjum veldur talsverðum sveiflum.

Þá er rétt að athuga hvernig tímakaup og meðaltímakaup hafur þróast frá ársfjórðungi til ársfjórðungs, síðan í ársbyrjun 1966.

	Tímak. í dagv. kr.	Meðal- tímak. kr.	Ársfj.leg hækkun %	
			Tímak. í dagv.	Meðal- tímak.
1. ársfj. 1966	55.00	63.33	-	-
2. - " - -	57.94	73.85	5.3	16.6
3. - " - -	59.50	70.08	2.7	+ 5.1
4. - " - -	62.82	73.53	5.6	4.9
1. - " - 1967	61.58	72.12	+ 2.0	+ 1.9
2. - " - -	62.46	76.50	1.4	6.1
3. - " - -	62.71	72.96	0.4	+ 4.6

Ef litið er fyrst á tímakaupið í dagvinnu, eru kaupsveiflurnar á árinu 1967 áberandi minni en 1966, sem stafar af því, að á árinu 1966 breyttist kaupgjaldsvísitalan fjórum sinnum, en auk þess var gerður nýr kaupsamningur það ár. Þrjú fyrstu ársfjórðunga 1967 breyttist hinsvegar hvorki kaupgjaldsvísitala né kaupsamningar, heldur var hvort tveggja óbreytt frá 4. ársfj. 1966.

Lækkun tímakaups í dagvinnu frá 4. ársfj. 1966 til 1. ársfj. 1967 byggist á ýmsum aukagreiðslum í desember, sem hækka tíma-kaupið á 4. ársfj. auk þess sem ástæða er til að ætla, að 1. ársfj. hvers árs gefi af ýmsum ástæðum lægra tímakaup en aðrir ársfjórðungar. Hækkun og lækkun meðaltímakaupsins frá ársfjórðungi til ársfjórðungs, speglar svo fyrst og fremst árstíðasveiflur í yfirvinnu og helgidagaálagi, en auk þess hafa vísitölubreytingar og grunnkaupshækkun 1966 þar einnig sín áhrif.

Skipting vinnutímans.

Í töflu 2 er sýnd hlutfallsleg (%) skipting vinnutíma verkamanna á 3. ársfj. 1967 í dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu, heildarvinnustundafjöldinn í þús. klst., sem skiptingin byggist á (dálkur 1) og heildarkaupið, sem greitt er fyrir þessar vinnustundir í þús.kr. (dálkur 6).

Yfirlitstafla yfir skiptingu
vinnutímans á 3. ársfjórðungi.

	3. ársfj. 1966			3. ársfj. 1967		
	Dvt.	Evt.	Nvt.	Dvt.	Evt.	Nvt.
	%	%	%	%	%	%
Alm. verkam.vinna	74.5	14.3	11.2	76.7	14.5	8.8
Aðstoð v. fagv.	79.2	14.0	6.8	80.4	13.5	6.1
Vélstjórn	69.8	11.6	18.6	71.0	11.3	17.7
Samanvegið 3. ársfj.	74.3	13.5	12.2	76.0	13.5	10.5
Samanvegið 2. ársfj.	70.4	13.3	16.3	74.0	13.4	12.6
Samanvegið 1. ársfj.	76.9	13.4	9.7	78.6	13.3	8.1

Nokkur samdráttur hefur orðið á yfirvinnu árið 1967, miðað við fyrra ár, þar sem hlutfallstala hennar hefur lækkað. Samdrátturinn hefur orðið í miklu ríkari mæli í næturvinnu en í eftirvinnu, sem er nokkuð stöðug, enda þótt beinn samanburður á hlutfallstölunum sé dálítið villandi í því sambandi.

Athyglisvert er að hlutfallstala yfirvinnunnar er 1,7 lægri bæði á 1. og 3. ársfjórðungi 1967 en á sömu ársfjórðungum árið áður, en á 2. ársfj. 1967 er hún 3,6 lægri. Vegna þess að hér er einungis verið að bera saman tvö ár, þá er erfitt að túlka þessar tölur, þar sem ekki liggur fyrir að hve miklu leyti orsakanna er að leita í árstíðasveiflunum. Þó má segja að svo virðist sem yfirvinnan hafi minnkað um allt að 7 % á árinu 1967 miðað við

árið 1966 og hefur sá samdráttur komið allur fram strax í ársbyrjun ef ekki fyrr. Aftur á móti er ekki ástæða til að ætla, að yfirvinna hafi verið minnkandi á sjálfum 3. ársfjórðungi 1967, umfram það, sem venjulegt er, á þeim tíma árs, heldur virðist hún fremur hafa vaxið miðað við þróunina á fyrri ársfjórðungum.

Yfirlitstafla yfir hlutfallstölur
yfirvinnu og breytingu þeirra.

	Hlutfallstölur		Lækkun	
	1966	1967	Töluleg	%
1. ársfj.	23.1	21.4	1.7	7.4
2. - " -	29.6	26.0	3.6	12.2
3. - " -	25.7	24.0	1.7	6.6

3. dálkur töflunnar sýnir, hversu mörg % heildarvinnutíminn hefur stytst um, ef dagv. hefur verið óbreytt. 4. dálkur sýnir þá % sem yfirvinnan hefur sjálf stytst um.

Þróun kaupmáttar.

Hér fara á eftir upplýsingar um þróun vísitölu kaupmáttar launa og tímakaups í dagvinnu ársfjórðungslega frá 1. ársfj. 1966 til 3. ársfj. 1967, þar sem 1. ársfj. 1966 er settur = 100. Vegna upplýsinga í Fréttabréfi 8 í þessu efni, er rétt að taka fram, að kaupmáttur launa (meðaltímakaups) á 3. ársfjórðungi 1967 er 4,5 % hærrí en á 3. ársfj. 1966, og að kaupmáttur tímakaups í dagvinnu hefur hækkað um 5,8 % á sama tíma.

Þá er rétt að vekja athygli á því, að ástæðan fyrir því að neyzluvísitalan hér á eftir fer lækkandi þrjá fyrstu ársfjórðunga ársins 1967 frá 4. ársfj. 1966 er sú, að á þessum tíma var um að ræða mjög auknar niðurgreiðslur úr ríkissjóði, aðallega á landbúnaðarafurðum. Á 4. ársfj. 1967 hækkar svo neyzluvísitalan aftur, þar sem þá var hætt þessum sérstöku niðurgreiðslum og verður ársmeðaltal neyzluvísitölnunnar 1967 3 % herra en ársmeðaltalið 1966.

Vísitölur þær, sem hér fara á eftir, eru venjulegar áframhaldandi vísitölur, þar sem 1. ársfj. 1966 er settur = 100 eins og áður segir.

Þetta hefur það í för með sér, að árstíðasveiflur í yfirvinnu og helgidögum, speglast í vísitölu launa (meðaltímakaups) og vísitölu kaupmáttar launa. Í Fréttabréfum 7 og 8 var reynt að útiloka þessar sveiflur með því að bera saman sömu ársfjórðunga tvö ár í röð (þ. e. 1. ársfj. 1966 miðað við 1. ársfj. 1967 osfrv.), eins og gert er í upphafi þessa kafla. Hinsvegar þótti rétt að birta að þessu sinni þær áframhaldandi vísitölur einnig, sem hér fara á eftir, um leið og vakin er athygli á því, að hér er fyrst og fremst um að ræða tilraun til að koma upp mælikvörðum í framtíðinni á þróun kaupmáttar launa.

Því kerfi, sem hér hefur verið notað í tilraunaskyni, verður svo vafalaust breytt á árinu 1968, þar sem ný framfærsluvísitala tók gildi á 1. ársfjórðungi þess árs. Loks skal svo tekið fram, að auk hinnar áframhaldandi vísitölu frá 1. ársfj. 1966 til 3. ársfj. 1967, er í yfirliti því, sem hér fer á eftir, birt vísitala, þar sem 1 - 3. ársfj. 1966 er settur = 100, einkum til að birta sýnishorn af vísitölu, þar sem árstíðasveiflurnar í yfirvinnu frá ársfjórðungi til ársfjórðungs jafnast út og gefur til kynna væntanleg ársmeðaltöl. Þessi vísitala sýnir, að kaupmáttur launa var 103,8 þrjá fyrstu ársfj. miðað við 100 sömu ársfj. 1966.

Vísitala kaupmáttar tímakaups í dagvinnu er minni breytingum háð eins og yfirlitið sýnir. Vænta má þess, að þróunin á 4. ársfj. 1967 taki aðra stefnu en þó ekki svo, að kaupmáttur launa og tíma-kaups í heild verði ekki ofan við 100 allt árið 1967 miðað við allt árið 1966 = 100.

Þróun meðaltímakaups
og kaupmáttar þess.

	Meðaltíma- kaup. kr.	Vísitala launa	Neyzlu- vísitala	Vísitala kaupmáttar
1. ársfj. 1966	63.33	100.0	100.0	100.0
2. - " - -	73.85	116.6	103.4	112.8
3. - " - -	70.08	110.7	106.5	103.9
4. - " - -	73.53	116.1	107.1	108.4
1. - " - 1967	72.12	113.9	106.7	106.7
2. - " - -	76.50	120.8	106.5	113.4
3. - " - -	72.96	115.2	106.1	108.6
4. - " - -			110.5	
1-3. ársfj. 1966	69.09	100.0	100.0	100.0
1-3. - " - 1967	73.86	106.9	103.0	103.8

Þróun tímakaups í dagvinnu x)
og kaupmáttar þess.

	Tímakaup- í dagvinnu	Vísitala tímakaups	Neyzlu- vísitala	Vísitala kaupmáttar
1. ársfj. 1966	55.00	100.0	100.0	100.0
2. - " - -	57.94	105.3	103.4	101.8
3. - " - -	59.50	108.2	106.5	101.6
4. - " - -	62.82	114.2	107.1	106.6
1. - " - 1967	61.58	112.0	106.7	105.0
2. - " - -	62.46	113.6	106.5	106.7
3. - " - -	62.71	114.0	106.1	107.4
1-3. ársfj. 1966	57.48	100.0	100.0	100.0
1-3. - " - 1967	62.25	108.3	103.0	105.1

x) Hér er um að ræða tímakaup í dagvinnu
eins og það er samkv. launastatistik, en
ekki samningsbundið tímakaup.

2. Iðnaðarmenn

Tölur 3 og 4 sýna tímakaup nokkurra hópa iðnaðarmanna og skiptingu vinnutímans. Enn er greinilega um að ræða miklar sveiflur bæði í tímakaupi í dagvinnu og meðaltímakaupi til hækkunar eða lækkunar miðað við 3. ársfjórðung 1966. Liggja til þess ýmsar ástæður eins og skýrt er frá í Fréttabréfi 8, t. d. að bónusgreiðslur eða umsamdar kaupuppbætur koma til útborgunar á öðrum ársfjórðungi 1967, en var árið 1966. Ekki er ástæða til að endurtaka það, sem um þetta var sagt í Fréttabréfi 8, en aðeins vísað til þess.

Séu allir hópar iðnaðarmanna (tölur 3) vegnir saman, má fá eftirfarandi yfirlit (meðlimaskrár félaganna vigtarkerfi) :

Tímakaup í dagvinnu	1966	1967	Hækkun 67/66
1. ársfjórðungur	73.73	79.48	7.8 %
2. - " -	77.26	81.30	5.2 %
3. - " -	78.14	80.81	3.4 %
Meðaltímakaup	1966	1967	Hækkun 67/66
1. ársfjórðungur	83.65	91.19	9.0 %
2. - " -	97.49	98.00	0.5 %
3. - " -	89.97	92.94	3.3 %

Þessi yfirlit sýna, að þróunin virðist hafa gengið mjög í sömu átt hjá verkamönnum og iðnaðarmönnum, sem vinna í tímavinnu, þ. e. að samdrátturinn í yfirvinnunni verður mestur á 2. ársfj. 1967. Ber þó að hafa í huga það sem áður er sagt um ýmskonar breytingar á kaupgreiðslukerfum ofl. einnig með tilliti til tíma-kaups í dagvinnu, að miklu lengra er síðan iðnaðarmannafélögin gerðu kjarasamninga en verkamannafélögin.

Verkamenn

Véltafla 245

	Heildar- vinnust. þús.	Vog	Tímak. í dagv. kr.	Helgid. álag kr.	Eftirv. álag kr.	Næturv. álag kr.	Meðal- tímak. kr.
	1	2	3	4	5	6	7
<u>Alm. verkamannav.</u>							
Fiskvinna	25	15	52.57	.04	3.84	4.69	61.16
Hafnarvinna	264	20	55.72	.04	5.15	4.12	65.05
Pakkhúsvinna	44	3	57.35	.05	4.29	3.66	65.37
Lyftaravinna	28	2	54.16	.03	4.98	4.36	63.54
Byggingavinna	31	10	68.02	.03	6.51	5.54	80.11
Afgreiðslustörf	39	7	69.08	.06	3.39	3.28	75.83
Bæjarvinna	120	15	53.87	.04	5.10	2.95	61.97
Verksmiðjuvinna	57	11	66.58	.06	4.45	2.72	73.83
Slippvinna	15	2	57.71	.04	4.90	4.56	67.24
Ýmis alm. vinna	81	15	60.45	.05	3.77	6.36	70.65
Vegið meðaltal		100	59.10	.04	4.64	4.30	68.09
<u>Aðstoð v. fagvinnu</u>							
Málmsmíði	36	35	70.69	.06	5.40	5.13	81.30
Trésmíði	25	30	60.86	.06	4.74	1.85	67.53
Bifvélavirkjun	24	35	75.38	.07	4.69	3.59	83.74
Vegið meðaltal		100	69.38	.06	4.96	3.61	78.02
<u>Vélstjórn :</u>							
Bílstjórar	164	80	64.90	.06	4.00	8.79	77.77
Ýtu og kranastj.	93	20	66.97	.06	6.51	13.49	87.05
Vegið meðaltal		100	65.32	.06	4.50	9.73	79.63
<u>Samangeigið :</u>							
Alm. verkamannav.	704	55	59.10	.04	4.64	4.30	68.09
Aðstoð v. fagv.	85	20	69.38	.06	4.96	3.61	78.02
Vélstjórn	257	25	65.32	.06	4.50	9.73	79.63
		100	62.71	.05	4.67	5.52	72.96

Verkamenn	Skipting vinnutíma					
	Heildar- vinnust. þús.	Vog	Dvt. %	Evt. %	Nvt. %	Heildar- kaup þús.kr.
	1	2	3	4	5	6
Véltaflla 345						
Alm. verkamannav.						
Fiskvinna	23	15	76.2	13.1	10.7	1411
Hafnarvinna	264	20	74.0	16.9	9.1	17155
Pakkhúsvinna	44	3	78.5	13.9	7.6	2848
Lyftaravinna	28	2	73.5	16.6	9.9	1748
Byggingavinna	24	10	72.7	17.3	10.0	1931
Afgreiðslustörf	26	7	85.2	9.3	5.5	1949
Bæjarvinna	120	15	75.6	17.7	6.7	7421
Verksmiðjuvinna	30	11	82.4	12.7	4.9	2196
Slippvinna	15	2	75.0	15.4	9.6	1019
Ýmis alm. vinna	81	15	76.6	10.9	12.5	5756
Vegið meðaltal	(655)	100	76.7	14.5	8.8	(43434)
Aðstoð v. fagvinnu						
Málmsmiði	36	35	77.3	14.0	8.7	2941
Trésmiði	24	30	81.3	15.0	3.7	1649
Bifvélavirkjun	24	35	82.6	11.8	5.6	2005
Vegið meðaltal	(84)	100	80.4	13.5	6.1	(6595)
Vélstjórn						
Bílstjórar	163	80	73.6	10.4	16.0	12663
Ytu - og kranastj.	93	20	60.5	14.7	24.8	8054
Vegið meðaltal	(256)	100	71.0	11.3	17.7	(20717)
Samanvegið						
Alm. verkam.v.	655	55	76.7	14.5	8.8	43434
Aðstoð v.fagv.	84	20	80.4	13.5	6.1	6595
Vélstjórn	256	25	71.0	11.3	17.7	20717
	(995)	100	76.0	13.5	10.5	(70746)

Tafla 3Tímakaupstafla - 3. ársfj. 1967

Iðnaðarmenn
Véltafla 265

Heildar- vinnust. þús.	Tímak. í dagv. kr.	Helgid. álag kr.	Eftirv. álag kr.	Næsturv. álag kr.	Meðal- tímak. kr.
1	2	3	4	5	6

Tímavinna :

Skipasm. og viðg.	8	79.67	.07	5.02	2.98	87.76
Málmsmíðar	80	81.36	.08	6.27	7.79	95.51
Trésmíðar	30	77.57	.07	7.96	3.36	88.97
Húsgagnagerð	14	86.49	.08	5.14	.30	92.02
Flugvirkjun	27	93.34	.09	2.81	27.44	123.70
Bifvélavirkjun	40	86.08	.08	5.63	5.73	97.53
Rafvirkjun	33	76.14	.07	6.08	6.27	88.57
Bökunarvinna	5	73.04	.07	1.30	7.12	81.55
Prentun og bókaðg.	14	83.45	.08	.26	9.14	92.94

Tafla 4Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla - 3. ársfj. 1967

Iðnaðarmenn
Véltafla 365

Heildar- vinnust. þús.	Skipting vinnutíma			Heildar- kaup þús. kr.	
	Dvt. %	Evt. %	Nvt. %		
1	2	3	4	5	
Skipasm. og viðg.	8	83.3	12.1	4.6	683
Málmsmíðar	80	74.5	13.6	11.9	7641
Trésmíðar	28	78.0	16.7	5.3	2471
Húsgagnagerð	11	89.6	10.0	.4	978
Flugvirkjun	15	61.4	4.0	34.6	1911
Bifvélavirkjun	40	79.8	12.0	8.2	3947
Rafvirkjun	33	75.3	14.4	10.3	2883
Bökunarvinna	5	85.6	3.2	11.2	395
Prentun og bókaðg.	14	88.3	.6	11.1	1317
	<u>234</u>				<u>22226</u>

Tafla 5

Tímakaupstafla - 3. ársfj. 1967

Verkakönur Véltafla 235	Heildar-	Tímak.	Helgid.	Eftirv.	Naturv.	Meðal-
	vinnust. þús.	í dagv. kr.	álag kr.	álag kr.	álag kr.	tímak. kr.
	1	2	3	4	5	6
Fiskvinna	29	49.20	.04	3.33	.64	53.23
Afgreiðslustörf	7	49.17	.04	1.95	.11	51.29
Verksmiðjuvinna	50	49.63	.04	.91	.59	51.19
Bæjarvinna	8	45.75	.00	.31	.12	46.19
Bökunarvinna	4	55.85	.05	.27	.12	56.30
Fatasaumur	23	58.12	.05	.27	.02	58.47
Prentun og bókað.	4	53.48	.05	.00	1.01	54.54
Ýmis alm.vinna	12	64.23	.05	.45	1.93	66.67

Tafla 6

Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla - 3. ársfj. 1967

Verkakönur Véltafla 335	Heildar- vinnust. þús.	Skipting vinnutíma			Heildar- kaup þús.kr.
		Dvt. %	Evt. %	Nvt. %	
	1	2	3	4	5
Fiskvinna	29	85.0	13.4	1.6	1533
Afgreiðslustörf	7	91.8	7.9	.3	336
Verksmiðjuvinna	47	95.1	3.6	1.3	2406
Bæjarvinna	8	98.3	1.4	.3	349
Bökunarvinna	4	98.8	1.0	.2	208
Fatasaumur	15	99.0	1.0	.0	886
Prentun og bókað.	4	98.1	.0	1.9	202
Ýmis alm.vinna	12	95.3	1.4	3.3	831
	126				6751

Tafla 7

Meðaltímakaups - 3. ársfj. 1967

Flugáhafnir Véltafla 275	Heildar- vinnust. þús.	Meðal- tímak. kr.
Flugstjórar	13	228.03
Flugáh. annað	21	143.85
Flugfreyjur	29	64.63

Fiskveiðar og útflutningur 1961 - 1967.

Að undanförunu hafa öðru hvoru verið teknar saman upplýsingar úr efnahagslífinu frá ýmsum stofnunum og birtar í Fréttabréfum Kjara-
rannsóknarnefndar nokkur ár í röð til þess að þeir, sem fréttabréfið
fá, geti haft þessar upplýsingar í handhægu og aðgengilegu formi. Að
þessu sinni eru hér birtar töflur, sem sýna :

1. Fiskaflann í þús. tonna 1961 - 1967
2. Útflutningsmagnið í tonnum sömu ár
3. Útflutningsverðmætið í millj. króna
sömu ár reiknað á gengi 1961 öll árin.
4. Einingarverð útflutningsafurðanna kr.
pr. kg. 1961 - 1967 reiknað á sama
gengi öll árin.

Heimildir eru Ægir, Verzlunarskýrslur og Hagtíðindi. Árin 1961 -
1966 eru endanlegar og leiðréttar tölur, en árið 1967 eru ekki endan-
legar og kynnu viðkomandi stofnanir að birta leiðréttingar við þær
síðar, þegar öll kurl eru komin til grafar, þó að slíkar leiðrétting-
ar skipti mjög óverulegu máli.

Fiskaflinn

Heildar fiskaflinn upp úr sjó varð 895,3 þúsund tonn árið 1967
á móti 1240,3 þús tonna árið 1966, en það þýðir, að aflamagnið minnk-
aði um 30,7 %. Magnvísitala aflans varð þannig 126,1 árið 1967
(miðað við 100 árið 1961), en var 174,7 árið 1966. Sé aflanum
skipt í tvo höfuð flokka, þ. e. síld og loðnu annars vegar og annan
fisk hins vegar, kemur í ljós, að það er fyrst og fremst síldar- og
loðnuafllinn, sem minnkar árið 1967 (frá 1966), eða 337,6 þús. tonn.

Annar fiskafli minnkar um 7,4 þús. tonn árið 1967 (frá 1966),
en þá ber að hafa það í huga, að þessi hluti aflans (annað en síld
og loðna) hefur á þessu tímabili aðeins eitt ár (1962) orðið minni
en árið 1967. Er það í sjálfu sér staðreynd, sem full ástæða er til
að gefa gaum.

Útflutningurinn

Samdrátturinn í fiskaflanum speglast svo að sjálfsögðu í útflutningsmagni og útflutningsverði árið 1967. Árið 1967 eru t. d. fluttar út um 28.518 tonn af saltaðri síld á móti 42.217 tonnum 1966. Útflutt eru 115,2 þús. tonn af síldarmjöli 1967 á móti 151,7 þús. tonnum 1966 og 76,0 þús. tonn af síldarlýsi á móti 126,4 þús. tonnum 1966.

Í heild er útflutningsmagnið 406,6 þús. tonn 1967 á móti 539,8 þús. tonnum 1966 eða 33,2 þús. tonnum minna (minnkun 24,7 %). Vísitala útflutningsmagnsins árið 1967 verður 117,9 (miðað við 100 árið 1961), en var 156,6 árið 1966. Árið 1967 varð heildarútflutningsverðmætið 4203,7 millj. króna, en varð 6041,5 millj. kr. 1966, reiknað á sama gengi bæði árin. Útflutningsverðmætið er því 1.837,8 millj.kr. minna árið 1967 en 1966 (30,4 % minnkun) og vísitala útflutningsverðmæta er 136,7 árið 1967 (miðað við 100 árið 1961), en var 196,5 árið 1966. Þegar litið er á töfluna, sem sýnir einingarverð útflutningsins kemur í ljós, að þau eru í flestum tilfellum lægri árið 1967 en var á árunum 1965 og 1966.

Árin 1965 og 1966 gætu um árabil haft sérstöðu í útgerðarsögu þjóðarinnar, þar sem saman fór meiri afli og hærra verð erlendis en dæmi eru um og varla rétt að reikna með framhaldi á slíku mörg ár í röð. Verðlækkunin 1967 er mismunandi eftir tegundum og getur í sumum tilfellum stafað af breytingu á gæðaflokkum. Sama er að segja um t.d. skreið, þar sem einingarverðið er mun hærra 1967 en var 1966, að það stafar aðallega af því, að nær eingöngu er flutt út svokölluð Ítalíu-skreið árið 1967, þar sem Nígeríumarkaðurinn var að mestu lokaður, en þangað fara einmitt lakari gæðaflokkar af skreiðinni.

Útflutningsmagnið í tonnum.

18

	1961	1962	1963	1964	1965	1966	1967
1. Saltfiskur, þurrkaður	4646	3184	2420	1138	2684	1410	1185
2. - " - , óverkaður	29108	24886	18989	23955	25859	24391	19660
3. Skreið	10674	10653	9616	11580	12244	8745	3519
4. Heilfrystur fiskur	2612	2885	3953	4814	7554	10222	9036
5. Fryst flök	41987	50200	47903	54095	49125	40953	40720
6. Ísfiskur	39544	31263	36161	34512	30008	21765	21232
7. Rækjur, humar, fryst	506	419	1138	1170	1002	1229	1054
8. Hrogn, fryst, sölt	5037	5321	6109	8141	6857	6801	6288
9. Fiskmeti, niðursoðið ofl.	373	428	346	381	682	1021	692
10. Hvalkjöt, hvalmjöl	3112	3086	3256	4396	4023	2667	4665
11. Saltsíld, sérverkuð	34700	47290	52682	46222	39027	42217	28518
12. Fryst síld, ísvarin	14456	31146	42116	22383	28026	27912	16261
13. Fiskimjöl, karfamjöl	32427	20667	26837	29002	22790	20625	17219
14. Síldar- og loðnumjöl	37583	48489	76582	96379	124371	151680	115206
15. Síldarlýsi ofl.	25000	60478	55149	52403	82172	126411	76029
16. Þorska- og karfalýsi	6902	5327	9403	10320	6398	6290	2919
17. Hvallýsi	1540	1687	3444	4499	3066	2265	2548
18. Aðrar sjávarafurðir	13993	10528	7654	9770	14812	11812	21524
19. Landbúnaðarafurðir	6724	7844	7439	8210	4731	7282	10244
20. Annað	33843	29980	17072	13756	6720	24090	8122
	344767	395761	428269	437126	472151	539788	406641
Magnvísitala	100.0	114.8	124.2	126.8	136.9	156.6	117.9

Heimildir : Verzlunarskýrslur 1961 - 1966. Hagtíðindi 1967.

Útflutningsverðmætið í millj. kr. fob. (gengi 1961)

	1961	1962	1963	1964	1965	1966	1967
1. Saltfiskur, þurrkaður	95.4	64.0	54.0	28.1	54.7	36.4	34.2
2. - " - , óverkaður	326.6	296.5	239.3	371.3	437.1	467.0	371.2
3. Skreið	277.1	281.3	278.6	337.4	375.9	309.9	136.6
4. Heilfrystur fiskur	32.0	37.2	41.1	53.1	96.6	149.0	116.1
5. Fryst flök	708.6	884.3	896.0	1096.3	1148.0	1059.5	884.5
6. Ísfiskur	204.5	171.1	201.6	215.0	189.4	150.1	135.7
7. Rækja, humar, fryst	44.1	44.5	96.8	109.9	129.8	179.4	128.3
8. Hrogn, sölt, fryst	57.1	67.3	77.7	107.7	130.0	109.9	87.0
9. Fiskmeti, niðursoðið ofl.	23.3	23.1	16.3	20.1	32.6	45.5	38.1
10. Hvalkjöt, hvalmjöl	18.2	22.0	21.4	30.4	32.5	23.7	39.6
11. Saltsíld, sérverkuð	341.5	469.0	552.1	517.1	491.1	581.8	378.4
12. Fryst síld, ísvarin	76.0	156.2	222.7	131.0	174.8	176.6	96.9
13. Fiskimjöl, karfamjöl	149.4	129.2	138.3	179.6	157.6	146.0	99.6
14. Síldar- og loðnumjöl	211.2	314.4	439.7	594.8	943.4	1116.6	724.7
15. Síldarlýsi ofl.	136.0	241.7	301.3	417.6	677.6	882.1	426.5
16. Þorska- og karfalýsi	55.0	41.0	71.2	94.8	68.3	62.9	28.3
17. Hvallýsi	12.6	13.7	24.5	37.6	28.2	22.5	13.5
18. Aðrar sjávarafurðir	42.4	58.7	47.9	59.7	93.5	76.3	46.0
19. Landbúnaðarafurðir	199.7	243.9	241.5	283.4	189.2	233.2	274.7
20. Annað	64.0	68.9	80.8	91.0	112.9	213.1	143.8
	3074.7	3628.0	4042.8	4775.9	5563.2	6041.5	4203.7
Verðmætisvísitala	100.0	118.0	131.5	155.3	180.9	196.5	136.7

Heimildir : Verzlunarskýrslur 1961 - 1966. Hagtíðindi 1967.

19

Einingarverð útflutningsafurða kr. pr. kg. (gengi 1961)

20

	1961	1962	1963	1964	1965	1966	1967
1. Saltfiskur, þurrkaður	20.53	20.10	22.31	24.69	20.38	25.79	28.88
2. - " - , óverkaður	11.22	11.91	12.60	15.50	16.90	19.15	18.88
3. Skreið	25.96	26.41	28.98	29.14	30.70	35.44	38.82
4. Heilfrystur fiskur	12.24	12.91	10.40	11.03	12.79	14.58	12.85
5. Fryst flök	16.88	17.62	18.70	20.27	23.37	25.87	21.72
6. Ísfiskur	5.17	5.47	5.58	6.23	6.31	6.90	6.39
7. Rækja, humar, fryst	87.07	106.05	85.08	93.88	129.53	146.00	121.68
8. Hrogn, sölt, fryst	11.35	12.65	12.72	13.23	18.96	16.16	13.84
9. Fiskur, niðursoðinn ofl.	62.53	54.03	48.00	52.83	47.82	44.57	55.05
10. Hvalkjöt, hvalmjöl	5.84	7.13	6.58	6.91	8.08	8.90	8.48
11. Saltsíld, sérverkuð	9.84	9.92	10.48	11.19	12.58	13.78	13.27
12. Fryst síld, ísvarin	5.26	5.02	5.29	5.86	6.24	6.33	5.96
13. Fiskimjöl, karfamjöl	4.61	6.25	5.16	6.19	6.92	7.08	5.78
14. Síldar- og loðnumjöl	5.62	6.48	5.74	6.17	7.59	7.36	6.29
15. Síldarlýsi	5.44	4.00	5.47	7.97	8.25	6.98	5.61
16. Þorska- og karfalýsi	7.96	7.71	7.58	9.34	10.66	10.00	9.71
17. Hvallýsi	8.21	8.12	7.11	8.36	9.20	9.93	5.30
18. Aðrar sjávarafurðir	3.03	5.58	6.26	6.11	6.31	6.46	2.14
19. Landbúnaðarafurðir	29.70	31.10	32.46	34.52	39.99	32.00	26.82
20. Annað	1.89	2.30	4.74	6.61	16.79	8.85	17.70

Atvinnuleysissskráning

Þegar atvinnuleysis fór að verða vart í desember sl., ákvað Kjararannsóknarnefnd að reyna að safna saman skýrslum um það á einn stað og birta síðan þær upplýsingar í Fréttabréfi. Að þessu sinni verða birtar upplýsingar um atvinnuleysissskráningu á Reykjavík frá 1. febr. 1929 og svo ársfjórðungslega frá því til 1. febrúar 1968. Þá eru einnig birtar að þessu sinni töflur um fjölda ráðninga í Ráðningaskrifstofu Reykjavíkur árlega, árin 1945 - 1967, og tafla um fjölda þeirra, sem skráðu sig atvinnulausa og voru ráðnir í vinnu hjá sömu stofnun árin 1951 - 1967, eða voru strikaðir út af skrá hjá Ráðningaskrifstofu Reykjavíkur vegna þess, að þeir gátu sjálfir útvegað sér vinnu.

Að öðru leyti en þessu liggja ekki enn fyrir aðrar upplýsingar um atvinnuleysi. Í undirbúningi er hjá Tryggingarstofnun ríkisins skýrsla um greiðslur úr Atvinnuleysistryggingarsjóði árlega frá upphafi þess sjóðs, eftir landshlutum og tryggingarumdæmum. Verður sú skýrsla birt í Fréttabréfi, þegar hún liggur fyrir, og er svo ráð fyrir gert, að slíkar upplýsingar liggi fyrir til birtingar árlega héðan í frá. Ekki er ástæða til að fara mörgum orðum töflur þær, sem að þessu sinni eru birtar, þar sem þær skýra sig að mestu sjálfar.

Fjöldi atvinnulausra manna komst í hámark nú í ár þann 19. febr. 1968, en þá voru skráðir 467 karlar og 121 kona atvinnulaus. Venjulegt atvinnuleysi hélst allan febrúar mánuð en fór minnkandi, þegar kom fram í marz. Öruggt má telja, að fullri atvinnu sé nú aftur náð, þegar þetta er ritað í lok aprílmánaðar 1968

Ársfjórðungsleg skráning atvinnulausra manna í
Reykjavík 1929 - 1968.

	1. febr.	1. maí	1. ág.	1. nóv.
1929	165	5	22	48
1930	39	3	-	90
1931	525	59	106	623
1932	550	205	633	731
1933	623	268	226	569
1934	544	190	390	719
1935	599	432	252	510
1936	596	720	226	609
1937	789	282	199	617
1938	690	345	316	804
1939	473	451	256	792
1940	526	459	166	100
1941	-	-	-	-
1942	-	-	-	-
1943	56	2	1	3
1944	61	-	1	21
1945	23	-	2	-
1946	2	-	-	1
1947	3	10	-	71
1948	37	42	14	19
1949	135	86	-	22
1950	221	42	75	251
1951	418	64	22	270
1952	718	70	52	81
1953	98	4	1	8
1954	4	2	2	8
1955	5	1	1	1
1956	8	-	1	-
1957	1	4	-	-
1958	20	-	-	-
1959	-	-	-	-
1960	-	-	-	-
1961	8	-	-	-
1962	-	-	-	-
1963	-	-	-	-
1964	1	-	-	1
1965	-	-	-	-
1966	-	-	-	-
1967	-	-	1	1
1968	486	-	-	-
8.2. 1968	531	-	-	-
19.2. -	588 (hámark)	-	-	-
1.3. -	455	-	-	-
1.4. -	166	-	-	-
18.4 -	76	-	-	-

Tala ráðninga í Ráðningaskrifstofu Reykjavíkur.

	Karlar	Konur	Samtals
1945	1286	1106	2392
1946	1177	1075	2252
1947	972	868	1840
1948	1059	1059	2118
1949	1155	1101	2256
1950	1143	1170	2313
1951	1312	1444	2756
1952	1595	1490	3085
1953	1461	1775	3236
1954	1220	2138	3358
1955	1111	2249	3360
1956	1353	2176	3529
1957	1551	2284	3835
1958	1700	2074	3774
1959	1633	2002	3635
1960	1624	1999	3623
1961	1263	1974	3237
1962	2157	2283	4440
1963	1797	1964	3761
1964	1851	1687	3538
1965	1761	1735	3496
1966	1613	1650	3263
1967	1182	1342	2524

Tala skráninga og ráðninga í Ráðninga-
skrifstofu Reykjavíkur.

	Skráðir		Ráðnir		Gengið úr
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar
1951	2418	1444	1312	1444	1104
1952	2731	1490	1595	1490	1118
1953	1854	1775	1461	1775	450
1954	1422	2138	1220	2138	222
1955	1306	2249	1111	2249	181
1956	1555	2176	1353	2176	197
1957	1873	2299	1551	2284	312
1958	2000	2093	1700	2074	305
1959	1801	2002	1633	2002	164
1960	1894	1999	1624	1999	218
1961	1510	1974	1263	1974	315
1962	2287	2288	2157	2283	136
1963	2006	1964	1797	1964	183
1964	2042	1688	1851	1687	204
1965	1887	1752	1761	1735	120
1966	1818	1654	1613	1650	202
1967	1439	1554	1182	1342	275